

VEIÐIMÁLASTOFNUNIN



Þórir Dan Jónsson

FISKIRANNSÓKNIR Í REYKJADALSÁ 1982.

Borgarnesi, mars 1983

Fiskirannsóknir í Reykjadalssá 1982.

1. Inngangur.

Í framhaldi af rannsókn Tuma Tómassonar, fiskifræðings árin 1978 og 1979 á Reykjadalssá (sjá skýrslu Tuma Tómassonar frá maí 1979, Athugasemdir á Reykjadalssá) var Reykjadalssá rannsökuð þann 13/8 1982.

Megintilgangur rannsóknarinnar var að kanna afkomu sumaralinnna sleppiseiða fyrir ofan Giljafoss, en í þrjú ár hefur seiðum verið sleppt á svæðið milli Augastaða og niður að Giljafossi.

Árið 1979 var 2500 seiðum sleppt

Árið 1980 var 5000 seiðum sleppt

Árið 1981 var 3000 seiðum sleppt

2. Niðurstöður.

Rafveitt var á fimm stöðum í Reykjadalssá, þar af á tveimur stöðum fyrir ofan Giljafoss. Mynd 1 sýnir aldurs- og lengdardreifingu veiddra laxaseiða á rafveiðistöðunum. Á þremur efstu rafveiðisvæðunum voru farar tvær yfirferðir yfir svæðið.

Á svæðinu fyrir ofan Giljafoss veiddust eins og tveggja vetra gömul laxaseiði, þ.e. úr sleppingunum 1981 og 1980. Seiðin vaxa samlega vel og einhver hluti laxaseiðanna nær sjógöngustærð tveggja vetra gömul, en afgangurinn nær sjógöngustærð eftir þrjú vetur í ánni. Fyrir neðan Giljafóss ná flest seiðin hinsvegar ekki sjógöngustærð fyrr en þriggja vetra gömul og sum ekki fyrr en fjögurra vetra. Við brú að Logalandi var rafveitt á málaborðni þar sem hrygningarskilyrði eru ákjósanleg og en uppeldisskilyrði fyrir stór seiði léleg. Enda veiddist langmest af vorgömlum seiðum en örfá eldri seiði. Í bugðunni rétt fyrir ofan Ásgarð veiddust nokkur vorgömul og eins árs seiði og eitt tveggja ára. Athyglisvert er hvað seiðin eru stór í samanburði við jafngömul seiði á hinum tveimur rafveiðistöðunum í fiskgenga hlutanum.

3. Umræður og ályktanir.

a) fiskgengi hlutinn.

Í skýrslu Tuma Tómassonar frá maí 1979 segir að í fiskgengum hluta Reykjadalsár séu einungis þrjár stuttir kaflar sem geta talist heppileg uppeldissvæði fyrir stór seiði, en þeir eru, ca 500 m. kaflar fyrir neðan Giljafoss, 200-300 metra kaflar í Rauðsgili og um 500-600 metrar við Klett. Byggir hann það álit sitt á botngæðu Reykjadalsár en einmitt með athugun á botngæðu má fá nokkuð glögga mynd af því hversu vel ákveðin á er fallin til viðgangs þeim laxfiskastofni sem hana byggir.

Hrygningarbotn verður að uppfylla þau skilyrði að vera hvorki of fíngerður eða sandblendinn svo að árvatnið nái ekki að leika um hrognin, sem eru niðurgráfin, né það grófur að hann verji ekki hrognin fyrir straumi. Góður hrygningarstaður fyrir lax er í möl og grús (blanda af grjóti frá 1-10 cm. í þvermál) þar sem straumurinn er frá 0.3-0.6 m./sek.

Til þess að geta fósrað laxaseiði þarf áin að hafa grjótbotn. Steinarnir eru felustaðir seiðanna og veita þeim var fyrir straumi. Auk þess lifa mörg fæudýr seiðanna áföst við steinana.

Í möl og smágrjóti, þar sem er fremur grunnt og straumlítið er að finna bestu skilyrðin fyrir smáseiðin, en eftir því sem þau stækka þurfa þau stórgrýttari botn, meira dýpi og straum. Smáseiðin geta t.d. ekki nýtt straumpunga árhluta (hafa ekki til þess sundorku) eða stór seiði fíngerðan botn (þar skortir þau fylgsni). Nokkuð algengt er að stór seiði sjáist í hyljum seinni part sumars, og getur vel verið að hér séu á ferðinni nokkur af væntanlegum sjógönguseiðum næsta vors.

Af öllu þessu má ráða að sérhver árhluti er gagnlegur fyrir ána sem heild. Oft eru það þó slær uppeldisskilyrði fyrir stór seiði sem takmarka "framleiðslugetu" árinna af sjógönguseiðum.

Hrygningarskilyrði fyrir lax eru víða góð í Reykjadalsá en takmarkað er um grýtt svæði í ánni.

Við fyrstu sýn virðist sem eingöngu sand-og/eða malarbotn sé í bugðunum neðarlega í ánni, en við nánari athugun kemur í ljós að víða er nokkuð um grjót í ánni og enn fremur eru allvíða djúpir hyljir. Ómögulegt reyndist að rafveiða í hyljunum en nokkur stór seiði sáust.

Seiðin sem veidd voru í bugðunni rétt fyrir ofan Ásgarð hafa vaxið mjög vel, eins og sést á mynd 1. Flest seiðanna ná sjógöngustærð tveggja vetra gömul, en fyrir neðan Giljafoss eru seiðin þrjá vetur í ánni áður en þau ná sjógöngustærð.

Af mynd 1. sést enn fremur að eins vetur gömul seiði neðarlega í Reykjadalssá eru jafnstór og sleppiseiðin frá 1981 (eins vetur gömul). Þetta er líklega vegna þess að sleppiseiðum hefur verið sleppt seint að sumri til (þá um 5 cm stór) en þá eru þau u.þ.b. jafnstór vorgömlu seiðunum neðarlega neðarlega í ánni sem eflaust vaxa vel vegna þess hve áin er hlý þarna, og seiðin eru tiltölulega dreifð sem leiðir til þess að innbyrðis samkeppni um fæðuna er því minni en ella.

Ég tel rétt að gera tilraun með að keyra grjóti í neðri hluta árinna. Er þá best að setja grjótið frá bakkanumog ca. 1-2 m. út í ána. Rétt er þó að fara hægt af stað og sjá hvernig grjótið helst í ánni. Enn fremur verður að gæta þess að landrof verði ekki vegna þessa, og bakkar verða því að vera traustir þar sem þetta er reynt.

b) Ófiskgengi hlutinn.

Einn helsti kostur sem talinn er vera samfara sleppingu sumarlínna seiða er sá að sé þeim sleppt snemma sumars (júní), þá um 5 cm. stórum, hafa þau eins árs forskot fram yfir jafngömul náttúrulega klakin seiði. Með því að sleppa seiðunum fyrr ættu öll seiðin að geta náð sjógöngustærð tveggja vetra gömul (hugsanlega gætu einhver náð sjógöngustærð strax sumarið eftir sleppingu).

Á þeim svæðum þar sem rafveitt var á var nokkuð þétt á seiðunum. Á neðri rafveiðistaðnum var áætlað að minnst 47 seiði væru á hverja 100 m². en á þeim efri minnst 25 seiði (úr sleppingu 1981). Rétt er að reyna að dreifa seiðunum betur og miða við ca. 30 seiði á hverja 100 m².

Í Hrútafjarðará hefur fengist nokkur reynsla af því að bera lax upp fyrir fossa og láta hann síðan hrygna þar. Ég tel rétt að prófa slíkt í Reykjadalssá. Þá verður að vera búið að koma fyrir kassa í einhverjum hyl fyrir ofan Giljafoss og laxinn sem borinn er upp fyrir fossinn látinn í kassann þar sem honum er haldið í u.þ.b. sólarhring. Síðan er laxinum sleppt úr kassanum með því að hvolfa honum varlega. Með þessu móti er unnt að komast hjá "hræðsluviðbrögðum" sem oft leiða til þess að laxinn strikar niður ána og hugsanlega niður Giljafoss.

Í sumar ætti þó að sleppa áfram sumaröldum seiðum, en næsta ár ætti að bíða átekta og sjá hvernig hrygning hefur heppnast fyrir ofan foss.


Á það skal að lokum bent að grjótburður og ádráttur fyrir lax sem bera á upp fyrir foss er háður samþykki Veiðimálastjóra og skal því leita eftir hans áliti áður en í framkvæmdir er tekið.

Þorir Dan Jónsson

Mynd 1. Reykjadalur 13/8 1982.

LENGDAR- OG ALDURSREIÞING VEIÐRA LAXASEIÐA.

RAFVEIÐI STAÐIR



GIL RETT FYRIR
NEÐAN BRÚNA
AF AUGASTÖÐUM
108 m²
TVEI YFIRFERDIR.

CA. 500 M. FYRIR
NEÐAN GILJAFÖSS
160 m²
TVEI YFIRFERDIR

CA. 500 M. FYRIR
NEÐAN GILJAFÖSS
144 m²
TVEI YFIRFERDIR

VIÐ BRÚ AF
LÓGALANDI
70 m²
EIN YFIRFERD.

HJÁ ÁSGARÐI
EIN YFIRFERD
LENGD Í CM.